

## **D Ó M U R**

**Héraðsdóms Reykjavíkur, miðvikudaginn 3. júní 2009 í máli nr. E-7828/2008:**

**Eggert Þorbjörn Böðvarsson**

*(Tómas Hrafn Sveinsson hdl.)*

**gegn**

**Búri ehf. og**

**Vátryggingafélagi Íslands hf.**

*(Skarphéðinn Pétursson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 2. júní sl., er höfðað með stefnu birtri 18. september 2008.

Stefnandi er Eggert Þorbjörn Böðvarsson, Vesturbergi 148, Reykjavík.

Stefndi er Búri ehf., Bæjarflöt 2, Reykjavík.

Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík er stefnt til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að stefndi Búri ehf. verði dæmdur til að greiða stefnanda Eggerti Þorbirni Böðvarssyni 4.031.606 krónur með 4,5% ársvöxtum frá 11. nóvember 2002 til 23. júní 2007, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins, en til vara að sök verði skipt í málinu, stefnukröfur lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar, enda eru engar kröfur gerðar á hendur félaginu.

**MÁLSATVIK**

Hinn 11. nóvember 2002 lenti stefnandi, þá 19 ára gamall, í vinnuslysi við vinnu sína hjá stefnda þegar stæða af trékössum hrundi ofan á hann. Stefnandi vann ásamt vitninu Þráni Þ. Böðvarssyni við að sækja stæður úr vörugámi, setja þær á bretti og þaðan upp í hillu á lager fyrirtækisins. Stæðan sem þeir unnu með þegar slysið varð samanstóð af 55 kössum sem var staflað upp. Stæðan vóg um 600 kg. Utan um stæðuna var net sem hélt henni saman.

Stefnandi kveður starfsmönnum stefnda hafa verið fyrirskipað að lyfta stæðunni með lyftara og færa hana til. Stefnanda hafi verið skipað að halda við stæðuna sem var á vörulyftara.

Ekki hafi reynst unnt að lyfta stæðunni með lyftaranum og hafi hún því verið látin síga aftur niður. Að því búnu hafi lyftaranum verið bakkað frá og stefnandi gengið í burtu frá stæðunni. Í sömu andrá hafi stæðan hrundi og stór hluti hennar lent á stefnanda, sem við það hafi fallið í gólfíð og slasast.

Stefnandi kveður ástæðu þess að stæðan hrundi vera þá að neðstu tveir kassarnir hafi verið skakkir og þeir hefðu gefið sig, sbr. skýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 12. nóvember 2002. Eins og sjá megi á myndum sem fylgi skýrslu Vinnueftirlitsins og lögregluskýrslu, séu kassarnir, sem eru smíðaðir úr timbri, ekki gerðir til að þola mikla þyngd þegar þeim er staflað upp. Þegar slysið varð hafi kössunum verið staflað í mjög stóra stæðu sem samtals hafi vegið um 600 kg. og neðstu kassarnir gefið sig undir þunganum með fyrrgreindum afleiðingum.

Eftir slysið hafi stefnandi fundið til í hnakka og kvið og hann hafi verið fluttur á slysideild þar sem meiðsli hans voru könnuð. Stefnandi glími enn við einkenni sem rekja megi til slyssins. Hann þjáist af verkjum í mjóbaki, mjöðmum, hálsi og einnig höfuðverk.

Lögmaður Eggerts og VÍS hf. hafi farið þess á leit við Skúla Gunnarsson, lækni og Ingvar Sveinbjörnsson, hrl., að þeir mætu afleiðingar slyssins. Í matsgerð þeirra frá 1. maí 2007 komi fram sú niðurstaða þeirra að stefnandi hafi orðið fyrir tímabundnu atvinnutjóni, sbr. 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, í tvær vikur í kjölfar slyssins. Tímabil þjáningabóta, skv. 3. gr. skaðabótalaga telja þeir vera einn mánuð. Varanlegan miska, skv. 4. gr. meta þeir 12 stig en varanlega örorku, sbr. 5.-7. gr. skaðabótalaga, meta þeir 10%. Ekki er ágreiningur um niðurstöður matsmanna.

Ekki náðist samkomulag með aðilum um bætur til stefnanda.

Réttargæslustefndi Vátryggingafélag Íslands hf. hafi neitað að viðurkenna bótaskyldu og þar með greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu Búrs ehf. á öllu tjóni Eggerts vegna vinnuslyssins.

**MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK**

Stefnandi kveðst byggja á því að fyrirsvarsmenn stefnda beri ábyrgð á líkamstjóni hans sem sé afleiðing af saknæmri og ólögmætri háttsemi starfsmanna stefnda. Krafa stefnanda byggji því á sakarreglunni og reglunni um ábyrgð vinnuveitanda á saknæmri háttsemi starfsmanna sinna. Þar sem stefnandi hafi verið með ábyrgðartryggingu hjá VÍS hf. sé félaginu stefnt til réttargæslu.

Stefnandi byggir í fyrsta lagi kröfu sína á því að helsta orsök vinnuslyssins sé sú að þegar hann slasaðist hafi ekki verið notaður fullnægjandi búnaður, sem tryggt hafi öryggi hans við það verk sem honum hafi verið falið.

Þegar slysið varð hafi stefnanda verið gert að halda við verulega þunga stæðu af trékössum. Í slíkum tilfellum gildi reglur nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglna þessara skuli atvinnurekandi gera skipulagsráðstafanir eða nota viðeigandi hjálpartæki, einkum vélbúnað, til að komast hjá því að starfsmenn þurfi að handleika byrðar. Þegar ekki sé hægt að komast hjá því að starfsmenn handleiki byrðar skuli atvinnurekandi skipuleggja vinnuáðstaður, nota viðeigandi búnað eða sjá starfsmönnum fyrir hjálpartækjum til að draga úr þeirri áhættu sem felist í þessu starfi þeirra, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Stefnandi byggir á því að 3. gr. reglna nr. 499/1994 hafi verið brotin með því að stefndu hafi ekki gert fullnægjandi ráðstafanir til að komast hjá því að starfsmenn handléku byrðar. Stefndi hefði til að mynda getað haft kassastæðurnar lægri og þar með léttari og þannig dregið úr líkum þess að neðstu kassarnir gæfu sig undan þunganum. Með því hefði einnig verið komist hjá því að láta starfsmenn halda við valtar stæður. Vinnuáðstaða Stefndanda hafi þannig ekki verið fullnægjandi, þess vegna hafi hann slasast. Brot stefnda á framangreindum skyldum hafi leitt til vinnuslyssins.

Í öðru lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því að stefndi hafi brotið gegn skilyrðum 7. gr. reglna nr. 499/1994. Þar segi að þegar byrðum sé staflað skuli séð til þess að hægt sé að gera það án hættu á heilsutjóni og án hættu á að staflinn falli. Starfsmenn stefnda hafi brotið þessa reglu, því stæðunni sem féll á stefnanda hafi ekki verið raðað rétt. Stæðunni hafi alls ekki verið staflað örugglega svo ekki væri hættu á að hún félli heldur hafi stæðan verið allt of há og óstöðug. Því hafi stefnanda verið skipað að styðja við hana. Það hafi því beinlínis verið ætlast til þess af stefnanda að hann héldi við stæðu sem hættu hafi verið á að félli niður. Stefndi beri ábyrgð á þessum mistökum við verkstjórn og þar með tjóni stefnanda.

Í þriðja lagi reisir stefnandi kröfur sínar á því að í 1. mgr. 46. gr. laga nr. 46/1980 sé kveðið á um að vélar, tæki og annar búnaður skuli vera þannig að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Einnig segi í 2. mgr. 46. gr. laganna að fylgja skuli viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Á þessum grundvelli hafi verið sett reglugerð nr. 431/1997 um notkun tækja. Þar komi fram lágmarkskröfur um öryggi og hollustu þegar starfsmenn noti tæki á vinnustöðum. Í 3. gr. reglugerðarinnar komi fram að atvinnurekandi skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tæki sem starfsmönnum eru látin í té innan fyrirtækis henti til þeirra verka sem vinna á eða séu hæfilega löguð að þeim, þannig að starfsmenn geti notað þau án þess að öryggi þeirra eða heilsu stafi hættu

af.

Þegar stefnandi slasaðist hafi verið notaður lyftari sem ekki hafi verið nógu öflugur til að lyfta hinni þungu stæðu. Það hafi því þurft að láta stæðuna síga aftur niður og í kjölfarið hafi hún fallið á stefnanda. Stefndi beri ábyrgð á því að rangt vinnutæki var notað, en það hafi leitt til vinnuslyssins. Stefndi beri ábyrgð á tjóni stefnanda sem af þessu leiði.

Í fjórða lagi reisir stefnandi kröfur sínar á því að stefndi hafi vanrækt leiðbeiningar- og eftirlitsskyldur sínar. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skuli atvinnurekandi tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Í 37. gr. sömu laga segi að vinnu skuli haga og framkvæma þannig, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Þegar stefnandi slasaðist hafi hann einungis verið 19 ára og starfsmaður á lager stefnda. Slysið hafi orðið þegar stefnanda hafi verið skipað að halda við 600 kg. stæðu þegar lyfta átti henni upp með lyftara og setja í hillu þar sem geyma átti hana. Stæðan hafi hins vegar verið svo þung að lyftarinn hafi ekki ráðið við hana.

Í 21. gr. laga nr. 46/1980 komi fram að verkstjóri sé fulltrúi atvinnurekanda og sjái um, að allur búnaður sé góður og öruggt skipulag ríki á þeim vinnustöðum, sem hann hafi umsjón með. Þá sé í 23. gr. laganna lögð sú skylda á verkstjóra, að beita sér fyrir, að starfsskilyrði innan þess starfssviðs, sem hann stjórnir, séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Brotið hafi verið gegn þessum ákvæðum um vinnuvernd því stefndi hafi látið viðgangast að starfsmenn viðhefðu verklag sem hafi verið hættulegt; beinlínis hafi verið ætlast til þess að þeir ynnu verkið á þennan hátt. Stefndi beri því skaðabótaábyrgð á afleiðingum þessarar vanrækslu sinnar.

Í fimmta lagi byggir stefnandi á því að stefndi hafi brotið gegn skyldu sinni samkvæmt 14. gr. laga nr. 46/1980, um að gera starfsmönnum sínum ljósa slysa- og sjúkdómshættu, sem kunnir að vera bundin við starf þeirra. Atvinnurekandi eigi að sjá um að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín þannig að ekki stafi hættu af. Ljóst sé að stefndi hafi vanrækt þessar skyldur sínar. Engar reglur eða áætlanir hafi verið til hjá fyrirtækinu, sem mælt hafi fyrir um örugg vinnubrögð og áhættumat þegar slysið varð.

Samkvæmt 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 431/1997 um notkun tækja, skuli atvinnurekandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn hafi handbærar nægilegar upplýsingar og, þar sem við á, ritaðar leiðbeiningar um tæki þau sem notuð eru á vinnustað. Slíkar upplýsingar og leiðbeiningar verði að fela í sér nægilegar ábendingar um öryggi og hollustu er snerti notkunarskilyrði tækjanna og óvenjulegar aðstæður sem hægt sé að sjá fyrir. Sérstök skylda hvíli á atvinnurekanda að benda starfsmönnum á hættur sem þeim geti stafað af tækjum í nánasta vinnuumhverfi þeirra. Stefndi hafi vanrækt þessar skyldur sínar, vinnuumhverfi starfsmanna hafi verið hættulegt og það hafi leitt til vinnuslyss stefnanda.

Réttargæslustefndi Vátryggingafélag Íslands hf. neiti að viðurkenna bótaskyldu vegna slyssins að fullu og telji stefnanda eiga að bera meðábyrgð á tjóni sínu. Á

Þetta geti stefnandi ekki fallist.

Meginreglan um meðábyrgð tjónþola sé þannig að gáleysi hins slasaða verði að teljast verulegt til að það komi til skoðunar. Eins og fram sé komið hafi stefnanda verið fyrirskipað að halda við allt of þunga og óstöðuga kassastæðu sem síðan hafi hrunið vegna þess að neðstu kassarnir hafi gefið sig.

Stefnandi sem þá var 19 ára hafi ekkert haft að segja um það verklag sem viðhaft var og enga möguleika átt á að koma í veg fyrir slysið. Þar að auki hafi hann einungis verið að fara að fyrirmælum er slysið varð. Það sé því ljóst að hann beri enga sök á því að stæðan hafi fallið á hann.

Eins og fram sé komið hafi stefndi virt að vettugi fjölmörg ákvæði í vinnuverndarlöggjöfinni sem hafi það markmið að koma í veg slys og gæta öryggis starfsmanna. Ef stefndi hefði farið eftir fyrrnefndum lagareglum hefði slys stefnanda ekki orðið. Sök stefnda orsaki slysið. Ekki hafi verið sýnt fram á neitt gáleysi stefnanda við vinnu sína.

Við ákvörðun bótafjárhæðar er byggt á ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993, eins og þau voru á slysdegi og matsgerð matsmanna frá 1. maí 2007 um afleiðingar slyss stefnanda. Krafa stefnanda sundurliðast nú þannig:

Þjáningabætur, skv. 3. gr. skaðabótalaga.

Matsmenn telja að stefnandi hafi verið veikur án rúmlegu í 31 dag, frá slysdegi til 11. desember 2002. Krafa hans vegna þjáningabóta er því:  $31 \times 1130 = \text{kr. } 35.030,-$ .

Varanlegur miski, skv. 4. gr. skaðabótalaga.

Varanlegur miski stefnanda af völdum slyssins er metinn 12 stig. Vegna þessa þáttar er því krafist  $12\% \times \text{kr. } 6.465.500,- = \text{kr. } 775.860,-$ .

Ágreiningslaust er með aðilum að miða bætur vegna varanlegrar örorku stefnanda við árslauð hans 2001. Kemur fram í stefnu að réttargæslustefndi hafi metið varanlega örorku stefnanda 3.487.554 krónur og er ekki ágreiningur í málinu um að fjárhæð þessa. Samtals nema þessir kröfuliðir 4.658.444 krónum en eftir að dregnar hafa verið frá greiðsla réttargæslustefnda vegna varanlegrar örorku að fjárhæð 591.357 að viðbættum 35.481 krónu í vexti sem stefnandi fékk greiddar 3. desember 2008 standa eftir 4.031.606 krónur sem er dómkrafa stefnanda.

Vaxtakrafa stefnanda er byggð á 16. gr. skaðabótalaga. Vaxta er krafist frá slysdegi, en dráttarvaxta frá 23. júní 2007, samkvæmt 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, þegar mánuður var liðinn frá því að lögmaður stefnanda krafði réttargæslustefnda bréflaga um greiðslu skaðabóta. Þá lágu fyrir öll gögn, sem stefndu þurftu til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta.

Málkostnaðarkrafa stefnanda er byggð á 1. mgr. 129. gr. og 1. og 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því er nauðsynlegt að taka tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar.

Af hálfu stefnda segir að í fyrsta lagi liggi ekkert fyrir í málinu sem styðji fullyrðingar stefnanda um ábyrgð stefnda á óhappi því sem málið er sprottið af. Um skaðabótaábyrgð á slysinu fari eftir sakarreglunni og hvíli sönnunarbyrðin óskipt á stefnanda um meinta sök stefnda og orsakatengsl. Sé ósannað að stefndi eða starfsmaður á hans vegum eigi nokkra sök á slysi stefnanda, sem alfarið megi rekja til gáleysis hans sjálfs og óhappatilviljunar.

Engin sérstök hætta hafi fylgt verkinu sem sé einfalt og endurtekið mjög reglulega á vinnustað stefnda. Framkvæmdin hafi verið eins um langt skeið og aldrei hlotist slys af áður. Ekkert slys hafi orðið eftir umrætt óhapp. Starf stefnanda umrætt sinn hafi verið einfalt og falist í því að aðstoða annan mann við að koma stæðum af kössum á brettum fyrir á lager stefnda. Slík störf séu í engu hættulegri eða erfðari en gangi og gerist með almenn störf sem jafnaldrar stefnanda hafi stundað til sjós og lands í gegnum tíðina.

Í öðru lagi er því mótmælt að rangur búnaður hafi verið notaður við verkið og hafnað er að 3. gr. reglna nr. 499/1994 eigi við um tilvikið. Í umrætt sinn hafi stefnandi ekki verið að handleika nokkrar byrgðar. Stefnandi hafi staðið við stæðu af kössum og hvorki verið að handleika þá eða færa. Samstarfsmaður stefnanda hafi ákveðið að lyfta stæðunni ekki þar sem hún hafi þurft umstöflunar við. Þá sé það rangt að starfsmenn stefnda hafi verið búnir að umstafla stæðunni.

Í þriðja lagi vísar stefndi til þess að stæðurnar komi á brettum eða palliettum frá framleiðanda og sé staflað erlendis í gáma. Engin sök liggi því hjá starfsmönnum stefnda hvað stöflun stæðunnar varðar. Tilvísanir stefnanda til reglna 499/1994 eiga því heldur ekki við um þessa málsástæðu eða málsatvik.

Í fjórða lagi hafi ekki verið notuð röng tæki við vinnuna eins og stefnandi heldur fram. Engin önnur leið sé nothæf til þess að flytja stæðurnar en með lyftara. Ekkert sé komið fram um það að umræddur lyftari hafi verið vanbúinn eða ekki nógu kröftugur, líkt og stefnandi haldi fram. Þvert á móti hafi lyftarinn verið notaður oft til sömu verka. Tilvísanir til 46. gr. laga nr. 46/1980 eigi því ekki við.

Í fimmta lagi er því hafnað að starfsmenn eða verkstjóri stefnda hafi ekki sinnt leiðbeiningar- eða eftirlitsskyldu sinni við verkið. Þannig sé það rangt að óhappið hafi orðið þegar stefnandi hafi verið að halda við eða styðja kassastæðuna eins og ítrekað sé haldið fram í stefnunni, þótt reyndar þar sem og í öðrum gögnum málsins teljist það óumdeilt að stefnandi hafi verið að ganga frá stæðunni og þannig snúið baki í hana þegar hún féll. Eins og áður sé lýst hafi verið hætt við að lyfta stæðunni og hafi lyftari verið farinn frá henni, enginn annar starfsmaður stefnda verið við stæðuna og verði að miða við að enginn annar en stefnandi, sem áður hafi stutt við stæðuna þegar hún var látin síga, hafi mátt gera sér betur grein fyrir því að hún var völt. Stefnandi hafi hins vegar tekið þá ákvörðun að ganga frá stæðunni. Ómögulegt sé að segja til um það hvernig nokkur annar starfsmaður stefnda hefði átt að leiðbeina stefnanda til annars. Ekkert sé athugavert við verklagið eitt og sér og því hafnað að stefndi hafi brotið nokkur lög eða verklagsreglur við framkvæmd starfans.

Í sjötta lagi fái stefndi ekki með nokkur móti séð hvernig brestur á áætlun um öryggi og áhættumat geti leitt til þess að sök falli á stefnda í skilningi sakarreglu skaðabótaréttarins. Ef það verði til þess að fella sök á stefnda að hafa ekki sagt stefnanda skriflega frá því að stæður af kössum geti fallið á hliðina, sé skýring á því hvað meðalmaður geti gert sér grein fyrir sjálfur, orðin alltof rúm. Auk þess vísar stefndi til þess að stefnandi hafði unnið um nokkurt skeið á lager stefnda og þess að verkið sem unnið hafi verið umræddan dag sé ekki á nokkurn hátt hættulegra en hefðbundin lagerstörf. Liggi ákvörðunartaka um framkvæmd þessa verks hjá þeim starfsmanni sem staðið hafi við stæðuna, enda ekki um að ræða flókið verk. Komi þannig hvorki ungur aldur eða meint reynsluleysi stefnanda í veg fyrir almenna og eðlilega aðgæslu við verkið.

Ekkert liggi fyrir í málinu um að stefndi eða fólk á hans vegum hafi getað gripið til einhverra ráðstafana til þess að koma í veg fyrir óhappið og verði að áréttu að stefnandi hafi átt að gera sér fullkomna grein fyrir hvort og þá hvernig sú hætta skapaðist sem haldið er fram að hafi skapast.

Af fyrirliggjandi lýsingum megi líka ráða, að slysið hafi ekki hlotist vegna þess, að röng aðferð sem slík væri notuð við vinnuna. Sé óhappið því alfarið að kenna skorti á aðgæslu af hálfu stefnanda og óhappatilviljunar.

Þá bendir stefndi á að skv. 1. og 2. mgr. 5. gr. skaðabotalaga eigi tjónþoli ekki að fá metnar eða greiddar bætur vegna örorku nema það dragi úr getu hans til þess að afla sér tekna. Gögn í málinu leiði ekki til þess að ætla að stefnandi hafi orðið fyrir skerðingu á að afla tekna og breytir matgerðin þeirri staðreynd ekki. Þvert á móti hafi stefnandi aukið tekjur sínar jafnt og þétt og unnið margvísleg störf. Hafi hann m.a. stundað 100% starf hjá stefnda síðan óhappið varð og auk þess 40% starf við umönnun á sambýli. Ósannað sé að hann hefði haft öðruvísi og tekjuhærri störf hefði hann ekki lent í óhappi hjá stefnda 2002.

Varakrafa um lækkingu á stefnukröfum. Verði ekki á sýknukröfu fallist er varakrafa stefnda byggð á því að dómkröfur beri að lækka og skipta beri sök í málinu og leggja meginhluta sakar á slysinu á stefnanda sjálfan. Um eigin sök stefnanda vísast til þess, sem reifað er um það atriði hér að framan. Kjósi héraðsdómur allt að einu að leggja til grundvallar að stefndi beri að einhverju leyti ábyrgð á óhappi stefnanda, vill stefndi taka eftirfarandi fram um fjárhæð stefnukröfu.

Stefndi gerir ekki athugasemdir við útreikning þjáningarbóta eða miskabóta. Þá kemur fram í málinu að réttargæslustefndi hafi metið varanlega örorku stefnanda 3.847.554 krónur og eru ekki gerðar athugasemdir við þá tölu af hálfu stefnda.

Stefndi vísar einkum til skaðabotalaga nr. 50/1993, almennra reglna skaðabótaréttar um saknæmi, orsakasamhengi, sönnunarbyrði, gáleysi og eigin sök tjónþola.

Kröfu um dráttarvexti er andmælt frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi, enda liggi ekki fyrir um endanlegt tjón stefnanda fyrr en að dómi gengnum.

Málskostnaður: Krafa stefnda um málskostnað er reist á 1. og 3. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130. gr., báðar greinar í lögum nr. 91/1991. Um virðisaukaskatt á málskostnað vísast til laga nr. 50/1988.

## NÍÐURSTAÐA

Fyrir liggja skýrsla lögreglu frá 12. nóvember 2002 þ.e. daginn eftir slysið og skýrsla Vinnueftirlits um skoðun þess frá 12. nóvember 2003.

Í lögregluskýrslu er haft eftir Lúðvíki V. Þórisssyni sem sagður er dreifingar- og birgðastjóri stefnda að starfsmenn hafi verið færa til vörustæðu og setja á svokölluð Euro bretti. Til verksins sé notaður lyftari og hafi stefnandi staðið á gólfinnu og stutt við stæðuna þegar hún var látin síga niður á brettið. Stæðan hafi samanstaðið af 55 litlum kassaeiningum sem í hafi verið blaðlaukur og hafi hún verið tæp 600 kg. að þyngd. Þegar stæðan hafi verið komin á gólfið muni stefnandi hafa gengið frá. Í sömu andrá hafi stæðan hrunið og mikill hluti hennar lent á stefnanda sem fallið hafi við það í gólfið. Haft er eftir stefnanda að við athugun á stæðunni hafi komið í ljós að tvær neðstu kassaeiningarnar öðrum megin væru skakkar, hefði greinilega gefið sig og stæðan líklega hrunið af þeim sökum.

Í skýrslu Vinnueftirlits segir að sjónarvottur að slysinu hafi verið Þórarinn Friðjón Þorleifsson en hann hafi verið stjórnandi lyftarans. Samkvæmt upplýsingum Þráins hafi þeir verið að sækja kassastæður í vörugám. Kassarnir hefðu verið settir á bretti og þaðan upp í hillu lagersins. Stæðan hafi samanstaðið 55 litlum kassaeiningum og innihaldið blaðlauk. Heildarþyngd hafi verið u.þ.b. 600 kg. Þegar þráinn hefði lyft brettinu hefði honum fundist kassarnir ekki nógu stöðugir svo hann hafi látið brettið síga aftur niður á gólf. Stefnandi hefði staðið við brettið og stutt við stæðuna um leið og hún hafi verið látin síga. Þegar stæðan hefði verið komin á gólfið hafi stefnandi gengið frá en stæðan hrunið um leið og mikill hluti hennar lent á stefnanda og hafi hann fallið á gólfið. Í skýrslunni segir síðan um orsök slyssins að telja verði að frágangur á kössunum hafi ekki verið nægjanlega góður og þeir verið laskaðir, sem gert hafi það að verkum að stæðan hrundi. Enn fremur hefði ekki verið höfð nægjanleg aðgát þegar verkið var unnið.

Vitnið Þórarinn Friðjón Þorleifsson sagði í skýrslu sinni fyrir dómi að marg oft hefði verið talað um að brettin væru léleg. Hann hefði verið að bakka lyftaranum og sá ekki þegar stæðan féll en heyrði eitthvað og sá þá að stæðan hrundi yfir stefnanda.

Lögregluskýrslu og skýrslu Vinnueftirlits fylgja ljósmyndir af kössum í stæðum eftir að þeim hafði verið komið fyrir í birgðageymslu stefnda. Á myndunum sést að kassarnir eru veigalitlir og sumir laskaðir. Þykir dómara sýnt að stæða sú er flutt var hafi verið völt og hætta stafaði af því að kassar gátu gefið sig eins og telja verður að hafi gerst í umrætt sinn, sbr. álit Vinnueftirlits um orsakir slyssins. Aðstæður á slysavettvangi voru því óviðunandi og hættulegar en skv. ákvæði 13. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skal atvinnurekandi tryggja, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Þá verður að telja að stefndi hafi ekki gætt skyldna sinna samkvæmt 3. gr. reglna nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar og tryggja að sem minnst hætta stafaði af flutningi kassa í stæðum eins og gert var í umrætt sinn. Samkvæmt þessu verður fallist á það með stefnanda að stefndi beri ábyrgð á tjóni hans en ekki verður fallist á það með stefnda að stefnandi

verði látinn bera ábyrgð á tjóni sínu sjálfur með því að meginorsök slyssins var óforsvaranlegur umbúnaður og aðstæður á vettvangi sem stefndi ber alfarið ábyrgð á.

Samkvæmt þessu verða kröfu stefnanda teknar til greina og stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.

## DÓMSORÐ

Stefndi, Búr ehf., greiði stefnanda, Eggerti Þorbirni Böðvarssyni, 4.031.606 krónur með 4,5% ársvöxtum frá 11. nóvember 2002 til 23. júní 2007, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.

Allan V. Magnússon.